

Fundargerð 91. fundar

stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Árið 2026, mánudaginn 15. júní kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson og Gerður Björk Sveinsdóttir.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

- 1. Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum - ársreikningur 2025 - 2606001SK**

Ársreikningur 2025 lagður fyrir stjórn til kynningar. Skoðunarmaður reikninga hefur farið yfir reikninginn án athugasemda. Lagt er til að ársreikningur verði sendur til aðildarsveitarfélaga til kynningar í samræmi við samþykktir samtakanna.

Stjórn samþykkir að senda ársreikning 2025 til aðildarsveitarfélaga til kynningar og í framhaldinu verður ársreikningurinn lagður fyrir aðalfund til staðfestingar.
- 2. Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum - aðalfundur 2025 - 2503002SK**

Aðalfundur samtakanna skal halda í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga ár hvert. Lagt er til að aðalfundur samtakanna verði haldinn miðvikudaginn 7. október kl. 11:00 en fjármálaráðstefna sveitarfélaga fer fram 8.-9. október nk.

Stjórn samþykkir að halda aðalfund miðvikudaginn 7. október kl. 11:00 en formlegt fundarboð verður sent til aðildarsveitarfélaga þegar nær dregur.
- 3. Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum - kynningarbréf 2026 - 2606003SK**

Drög að kynningarbréfi til að senda á sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga lagt fram til umræðu.

Stjórn samþykkir að fela formanni og starfsmanni að senda aðildarsveitarfélögum sérstakt kynningarbréf um starfsemi samtakanna.
- 4. Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum - önnur mál - 2509013SK**

Formanni og starfsmanni falið að skipuleggja fund með umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í haust.

Fundi var slitið kl. 08:30